

skyldi utkljá málið á þann hátt, að hann annaðhvort með öllu losaðist við varðkostnað þann, er hann var skyldaður til að greiða, eður þá að kostnaður þessi yrði hæfilega lækkaður; en fengist ekki þetta, hafði hann beðið um, að stjórnin að minnsta kosti skyldi bjóða, að málinu yrði skotið til úrskurðar dómstólanna, og að honum þá yrði veitt gjafsókn.

Um þetta efni lætur stjórnin yður vita, herra amtmaður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir Kristjáni bónda Jónssyni, að þaræð hann í máli þessu hefur gefið skylaust loforð um að takast á hendur skuldbindingar þær, er hér ræðir um, getur stjórnin ekki losað hann við þær, en að hann sjálf-sagt á kost á því, að framfylgja rætti sínum við dómstólana, ef hann treystist til að sanna, að loforðið, eins og segir í umkvörtun hans, hafi verið fengið með slíkri andlegri þvingun, að það sé ómerkt.

1859.  
28. júlí.

### 33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslu- stjórnarinnar, um læknaSKIPUN á Íslandi og styrk handa Íslenzkum læknaefnum.

9. ágúst.

Það er kunnugt kirkju- og kennslustjórninni, að Dr. med. Schleisner, jústizráð, sem nú er yfirlæknir í hertogadæminu Slèsvík, hefur gjört uppástungur um betri læknaSKIPUN á Íslandi, og að þetta leiddi til þess, að stjórnin fyrir milligöngu háskólaráðsins fekk álitsskjal um málið frá læknisfræðisdeild háskólans og stjórnarnefnd þeirri, er ræður fyrir hinum svo kallaða „kommúnitets“-sjóði.

Eins og kunnugt er lutu uppástungur Schleisners jústizráðs að því, að ráða bót á hinum mikla læknaSKORTI á Íslandi með því að fjölga læknaembættum, og jafnframt með því að reyna að koma því svo fyrir, að ávallt verði nóg til af innlendum Íslenzkum læknaefnum, og til þess þetta gæti orðið stakk hann meðal annars upp á því, að gjöra skyldi þá undantekningu frá hinum almennu reglum, að leyfa Íslendingum að stunda læknisfræði við háskólann, þó ekki væru þeir stúdentar,



1859.  
9. ágúst.

ef þeir hefðu tekið frumpróf nokkurt við hinn lærða skóla í Reykjavík; skyldu þeir fá kennslu útaf fyrir sig við háskólann og ganga undir sérstaklegt próf; svo skyldu þeir og njóta hinna sömu hlunninda, sem Íslenskum stúdentum eru veitt.

Uppástunga þessi, er hlaut meðmæli hins konunglega heilbrigðisráðs, mætti mótspyrnu frá hálfu læknisfrædisdeildarinnar við háskólann, að því leyti sem farið var fram á, að halda skyldi fyrirlestra og próf útaf fyrir sig fyrir læknisfrædisiðkendur þá, sem hér ræðir um; svo var og stjórn „kommúnitets“-sjóðsins og háskólaráðið mótfallið uppástungunni, að því leyti sem Íslendingar þeir, er ekki væru stúdentar, ættu að fá aðgang til að njóta hlunninda á „regentsi“ og fá ölmusur úr „kommúnitets“-sjóði. En vegna hins heillaríka tilgangs með uppástungur þessar bauðst þó stjórn sjóðsins og háskólaráðið til að veita slíkum læknaefnum að minnsta kosti fyrst um sinn 200 rdl. styrk á ári úr sjóði þessum, þó á þann hátt, að styrkur þessi ekki verði um sama leyti veittur fleiri en fjórum, svo að kostnaður sá, er lendi á sjóðnum, eigi verði meiri en 800 rdl. á ári; lofaði og kirkju- og kennslustjórnin í bréfi 30. ágústm. 1855, ef uppástunga þessi þætti tiltækileg, þá er málinu yrði ráðið til lykta, að taka fæstyrk þenna inn í fjárlagafrumvarp „kommúnitetsins“, það er samið yrði í fyrsta skipti eptir að hún hefði fengið vitneskju um, hvað úr hefði verið ráðið um þetta atriði málsins, og um úrslit málsins yfir höfuð að tala.

Eptir undirtekt læknisfrædisdeildarinnar um þetta efni varð ekki tekið í mál að fara eptir uppástungum Schleisners, jústizráðs, þeim er að ofan eru nefndar; eigi hefur heldur orðið fallið á uppástungur alþingis, um að stofna lækna-háskóla í Reykjavík; en eins og sjá má af útdrætti úr skýrslu dómsmálastjórnarinnar til konungs 25. maím. þ. á., sem fylgir bréfi þessu, hefur það þótt líklegt, að nægur fjöldi af læknaefnum, er bæði væru fúsir á að verða héraðslæknar á Íslandi og hæfir til þess, helzt mundi fást, ef í fyrsta lagi væru stofnuð 6 ný læknaembætti á Íslandi, en því mætti við koma ef tekið væri til spítala-sjóðanna, sem eptir opnu bréfi 23. ágústm. 1848 eru einmitt ætlaðir til þess, að koma læknaskipuninni á landinu í betra



1859.

9. ágúst.

horf; og ef í öðru lagi íslenzkum stúdentum, er stunda læknisfræði við Kaupmannahafnar háskóla, yrði veittur 200 rd. styrkur, eins og áður hefur verið um getið, úr sjóði „kommúnitetsins“, auk ölmusu þeirrar úr sjóði þessum, og hlunninda á „regentsi“, sem þeir eptir reglugjörð 11. febrúarm. 1848, 4. gr. eiga rétt á að njóta, undireins og búið er að rita þá í tölu stúdentna við háskólann; er það sjálfsagt, að styrkur sá, er áður var um getið, aðeins yrði veittur hlutadeigendum með þeim skilmála, að þeir skuldbyndu sig til að taka við læknisembættum á Íslandi.

Það hans hátign konungurinn hefur, með allramildilegustum úrskurði 27. maím. þ. á., fallt á að reynt sé að koma skipulagi á málið á þenna hátt, leyfir dómsmálastjórnin sér að senda hinni heiðruðu kirkju- og kennslustjórn skjöl málsins, sem rituð eru á lista þann, sem fylgir bréfi þessu, og felur henni þetta atriði málsins til hinna beztu aðgjörða. Þegar svo langt er komið biður dómsmálastjórnin um, að sér verði tilkynnt úrslit málsins og skjölin send aptur.

### 34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til lögfrædisdeildarinnar við Kaupmannahafnar háskóla, um kennslu í íslenzkri lögfræði.

17. ágúst.

Eins og sjá má af meðfylgjandi bænarskrá hefur alþing Íslendinga árið 1857 enn á ný farið þess á leit, að 15. grein í tilskipun 26. janúarm. 1821 yrði úr lögum numin, að svo miklu leyti hún á kveður, að hinir „dönsku jústistar“, sem svo eru kallaðir, geti orðið sýslumenn á Íslandi, og að sem allrafyrst á kostnað ríkissjóðsins verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðingafnum; skyldu lögfræðingar þeir, sem tækju embættispróf í skóla þessum og reyndust hæfir, öðlast rétt til lögfræðingaembættis á Íslandi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum er þurfa þætti.

Dómsmálastjórnin gjörir lögfrædisdeildinni kunna bænarskrá þessa, og skal þess getið, að henni var synjað um bænheyrslu með konungsúrskurði 6. maím. þ. á., sem sjá má af meðfylgj-